



# Móðurmál.

Samtök um tvítyngi

Móðurmál - samtök um tvítyngi  
Háaleitisbraut 11-13  
108 Reykjavík  
Kt: 421101-2990

[modurmal@modurmal.com](mailto:modurmal@modurmal.com)  
[www.modurmal.com](http://www.modurmal.com)

Reykjavík, 8. mars 2023

## **Efni: Umsögn Móðurmáls um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála**

Stjórn Móðurmáls- samtaka um tvítyngi hefur farið yfir frumvarp mennta- og barnamálaráðherra um stofnun X, þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem starfar í í þágu barna og ungmenna á sviði fræðslu- og menntamála.

Stjórn Móðurmáls fagnar því að lögð sé áhersla á að ráðgjöf, skólaþjónusta og skólaþróun, sem og námsefnisgerð taki mið af þörfum barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Mikilvægt er að í námsefnisgerð sé einnig hugað að þessum fjölbreytileika og að myndir, texti og annað efni endurspegli fjölbreytilegan tungumála- og menningarlegan margbreytileika.

Í kafla 3.2. í greinargerð þar sem fjallað er um skólastarf og skólaþróun segir að stofnunin styðji við starf innan þeirra skóla sem starfa á málefnasviði mennta- og barnamálaráðherra. Samtökin telja mikilvægt að starfsemi Móðurmáls falli undir þennan lið og njóti stuðnings við ákveðna þætti. Meðal atriða sem stjórn samtakanna telur mikilvægt að stofnunin komi að er gerð og utanumhald stöðuprófa í móðurmálum innflytjenda á Íslandi og viðurkenning á móðurmálskunnáttu eins og kveðið er á um í grunnskólalögum frá 2008.

Í sama kafla er fjallað um mikilvægi þess að veitt sé kennslu- og sérfræðiráðgjöf til starfsfólks skóla í þágu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í samræmi við menntastefnu til 2030. Samtökin fagna þessu og leggja áherslu á að jafnframt verði unnið með fjölmennarlega kennsluhætti fyrir alla nemendur þar sem unnið er á inngildandi hátt að

menntun fyrir alla. Þá leggja samtökin áherslu á að sérstaklega verði hugað að stuðningi við leikskóla og grunnskóla þegar kemur að samtali við foreldra af erlendum uppruna um nám, mál og læsi barna þeirra. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir leikskólastigið en rannsóknir hafa sýnt fram á að í dag fá foreldrar af erlendum uppruna helst upplýsingar um þessa þætti frá leikskólastarsfólki, en ekki frá gæðaefti sem útbúið er af fagaðilum.

Á síðustu misserum hefur starfsfólki og kennurum af erlendum uppruna fjölgað hratt í skóla- og frístundastarfi á landinu. Samtökin telja mikilvægt að stofnunin komi að því í samvinnu við háskóla að efla þekkingu þessara aðila á íslenskri skólamenningu, menntun og uppeldi og fagtingdri íslensku í samstarfi við sveitarfélög og skóla.

Í Reykjavíkurborg hefur verið komið á markvissum verkefnum sem lúta að því að efla tengsl innan og við tungumálahópa í borginni. Þessi verkefni eru "Sendiherrar í Breiðholti" sem hafa það hlutverk að miðla upplýsingum frá borginni til fólks af erlendum uppruna og afla upplýsinga frá þeim til að miðla aftur til baka til starfsfólks borgarinnar. Brúarsmiðir hjá Miðju máls og læsis hafa það hlutverk að byggja brýr í samskiptum á milli starfsfólks í skóla- og frístundastarfi og foreldra af erlendum uppruna. Samtökin telja mikilvægt að hjá nýrri stofnun X starfi aðilar sem hafa sambærilegu hlutverki að gegna og geti miðlað upplýsingum á milli aðila í kerfinu á menningarnæman hátt.

Að lokum vill stjórn samtakanna Móðurmál minna á að eitt af verkefnum þeirra er Bókasafn Móðurmáls en það telur hátt í 9000 bókartitla á 87 tungumálum. Safnkosturinn getur nýst bókasöfnum á landinu í millibókaláni til handa fjöltungdum börnum og þannig stuðlað að læsi þeirra á þeim tungumálum sem þau tala. Við hvetjum því nýja stofnun X að kynna sér starfsemi samtakanna Móðurmál og kynna hana fyrir fagfólki og kennurum sem hluta af ráðgjöf. Þannig getur fagfólk nýtt sér þjónustu samtakanna og kynnt starfsemi Móðurmáls fyrir foreldrum af erlendum uppruna.

Virðingarfyllst,



Renata Emilsson Peskova  
F.h. stjórnar Móðurmáls - samtaka um tvítýngi